



Innviðaráðuneytið

Sölvhóls götu 7

101 Reykjavík

Skagabyggð 21. apríl 2023

### **Efni: Umsögn um drög að hvítbók um samgöngumál og umhverfismatsskýrslu**

Sveitarfélagið Skagabyggð fagnar fyrirhugaðri hvítbók og telur mjög jákvætt að horft sé til þess að sem flest störf verði án staðsetningar. En það eitt nægir ekki til þess að fólk veiti sér það að búa úti á landi því samgöngur þurfa að batna hið fyrsta á okkar svæði. Nefnum þar helst lokun leiða vegna veðurs og gera þar með íbúum sveitarfélagsins ógerlegt að sækja sjúkra- og heilbrigðisþjónustu. Það hefur færst í aukana að vegum er lokað vegna vankunnáttu ferðamanna við að aka við vetraraðstæður. Sveitarfélagið fagnar hugmyndum um fylgdarakstur en einnig teljum við að e.t.v. mætti líka bæta við skráningum vegagerðar að aðeins sé opið 4x4 bifreiðum eða íbúum svæðisins sé með einhverjum hætti gert mögulegt að komast leiðar sinnar.

Skagabyggð fagnar sömuleiðis að ganga eigi í það malbika malarvegi og leggur sveitarfélagið sérstaka áherslu á að þar verði horft til skólaaksturs barna umfram almennan ferðþunga. Ef treysta á byggð í landinu verðum við að horfa til unga fólksins og þjónusta það eftir fremsta megni.

Skagabyggð saknar þess að sjá ekki fleiri útfærslur varðandi mögulega fjármögnun á innviðaupbyggingu og vill þar sérstaklega benda á lífeyrissjóðskerfið okkar sem væri kjörið að hleypa að innviðafjárfestingum í landinu.

Erla Jónsdóttir

Oddviti Skagabyggðar